




**Lausnir fyrir kennara, foreldra
og nemendur**

Lestrarvandi

- Allt að 20% einstaklinga eiga við einhverskonar lestrarvanda að stríða:
 - Dyslexía (lesblinda)
 - Lesskilningsvandi
 - Ritunarvandi
 - Hæglæsi
 - Almennir námserfiðleikar

Vísbendingar um lestrarerfiðleika

- Viðbót eða brottfall hljóða
- Víxlun hljóða
- Víxlun talna
- Ruglingur á líkum stöfum eins og p b d, g k, v f
- Erfiðleikar með að ná innihaldi úr texta
- Góður skilningur við hlustun
- Lestrarfælni
- “Höktandi” lestur
- Erfiðleikar með að læra á klukku
- Erfiðleikar með margföldunartöflu



Vísbendingar um lestrarerfiðleika

- Erfiðleikar við að greina sundur stutt og langt sérhljóð
- Erfiðleikar við að heyra og endurtaka hljóð og orð
- Erfiðleikar með að fylgja línunum
- Erfiðleikar með að muna orðaröð
- Erfiðleikar með að ná leshraða
- Rangt lesin smáorð
- Erfiðleikarnir ná til flestra námsgreina



Nemandi með dyslexíu

- Þarf að muna að dyslexía er ástæðan fyrir því að ýmsir þættir námsins ganga oft ekki eins vel og hjá öðrum nemendum
- Passa að nota dyslexíuna ekki sem afsökun



Það sem allir lesblindir vilja að þú vitir

Ég er hvorki vitlaus eða latur/löt. Ég þarf lengri tíma til að vinna verkefnin mín

Stundum verð ég ergilegur þegar illa gengur að lesa í gegn um texta en ég reyni mitt besta

Ég er með dyslexíu og hef marga aðra sterka eiginleika

Dyslexía hefur áhrif á fleiri þætti en lestur

Það tekur mig oft lengri tíma að lesa í gegn um leiðbeiningarnar, en þegar mér hefur tekist það á ég auðvelt með að fylgja þeim

Myndræn skilaboð henta mér vel þar sem ég á oft erfitt með að muna hluti

Mér gengur betur að vinna verkefnin þegar þau eru brotin niður í smærri verkefnahluta

Mér finnst betra að vinna í rólegu umhverfi því ýmiskonar áreiti trufla mig

Stundum gengur mér betur að vinna verkefni þegar ég tekst á við það á annan hátt en aðrir

Dyslexía er bara einn hluti af mér. Hún segir ekkert um það hver ég er eða hverjar langanir mínar eru

Dyslexia – hagnýt ráð

- Hrósa og hvetja nemandann hvenær sem færi gefst
- Nýta sterkar hliðar nemandans og ekki hamra sífelld á því sem hann getur ekki
- Leyfa nemandanum að svara munnlega í stað skriflega þegar hægt er
- Gefa nemandanum lengri próftíma
- Staðsetja nemandann þar sem auðvelt er að aðstoða hann
- Ganga alltaf úr skugga um að nemandinn skilji fyrirmæli sem gefin eru
- Lesa á hverjum degi (hæfilega þungan texta)

Dyslexia – hagnýt ráð

- Nýta öll hjálpartæki
- Nota tölvu við námið
- Nota hljóðbækur- kenna þarf börnu að nýta þær
- Hvetja börn til að lesa bækur með hljóðbókum
- Meta fyrir skrifleg verkefni eftir innihaldi, ekki stafsetningu
- Ekki leiðrétta hverja einustu villu
- Draga fram það jákvæða við verkefnið
- Upplesinn starfsetningaræfing gangast illa lesblindum

Dyslexia – hagnýt ráð

- Gæta að því að heimavinna sé hæfileg
- Hafa gott samband heimilis og skóla um heimanám og samræma vinnuaðferðir
- Gefa nægan tíma til að skrifa upp eftir töflu
- Hafa trú á börnum og reikna með árangri
- Ekki láta börnin lesa upphátt nema það vilji það sjálft

Dyslexia – hagnýt ráð

- Ekki bera börnin saman við önnur börn sem sækist námið betur
- Vekið ekki óþarfa athygli á veikleika barnsins, en tala samt eðlilega um dyslexíu og af virðingu
- Gæta þess að markmið séu skýr og raunhæf
- Hafa vinnulotur stuttar
- Meta kunnáttu barna á fjölbreyttan hátt
- Gefa lengri tíma í prófum
- Gefa kost á hlustunarefni í prófum ef það á við

Dyslexia – hagnýt ráð

- Nota áherslupenna og mislit leifturspjöld
- Nota límmiða fyrir stutt skilaboð
- Muna að barn með dyslexíu er stundum óskipulagt og gleymið
- Muna að barn með dyslexíu er oft óöruggt
- Börn með dyslexíu geta verið mjög skapandi
- Nýtið allar skynleiðir
 - ✓ Hreyfiskyn
 - ✓ Heyrn
 - ✓ Sjónskyn

Dyslexia – hagnýt ráð

- Notaða leturgerð í útprentuðum texta sem er léttast fyrir nemandann að lesa
- Hafa litaða plastvasa aðgengilega fyrir nemandann, gegnsæir litaðir plastbútar eða plastglærur virka eins

Punktar fyrir kennara

- Sækja hljóðbækur á www.mms.is eða hjá www.hljóðbókasafnið.is
- Setja upp myndræn skilaboð í kennslustofunni
- Hafa daglegt skipulag kennslunnar sýnilegt, jafnvel myndrænt
- Notast stærra letur á öll verkefni og eða dyslexíu letur
- Einföld og skýr skilaboð
- Allir hafi bókamerki eða annað til að setja undir línuna þegar lesið er
- Gefa skýringar í litlum skrefum (munnlegar sem og skriflegar)
- Endurtaka skilaboð og vera viss um að allir hafi meðtekið þau
- Halda sig við daglegt skipulag
- Útbúa punkta úr námsefninu sem hægt er að fylgja þegar farið er yfir námsefni
- Þjálfar færni daglega
- Undirbúa nemendur vel áður en nýtt efni eða færni er kennd
- Gefið auka tíma í lestur og ritun

Hljóðbækur

Kenna þarf nemendum að nota hljóðbækur

Suma þarf að aðstoða með hlaða niður hljóðbókunum

Að hlusta á hljóðbækur hjálpar þér að:

- læra efnið og hafa gaman af því
- læra ný orð og fræðast um nýtt efni
- læra að vinna með mismunandi texta t.d. sögutexta, bókmenntatexta, fræðitexta, leikrit og ljóð
- að fá hugmyndir að því hvernig þú gætir samið þinn eigin texta
- að njóta bóka

Kostir hljóðbókar við lestrarþjálfun

- Notkun hljóðbóka gerir nemendum, sem erfitt eiga með lestur, kleift að lesa erfiðari og áhugaverðari texta en þeir gætu ella.
- Hljóðbók getur styrkt sjón- og heyrnarskyn nemandans, aukið orðaforða og máltilfinningu.
- Það er mikill ávinningur fyrir hæglæst barn að ljúka við að lesa bók. Bók sem barnið hefur farið yfir með aðstoð hljóðbókar er bók sem barnið hefur lesið. Þessi aðferð getur því opnað börnum með lestrarerfiðleika leyndardóma bókarinnar og orðið þeim frekari hvatning til að spreyta sig við lesturinn.
- Hljóðbækur til lestrarþjálfunar hafa verið notaðar til að æfa stafsetningu. Nemandinn hlustar þá á upplesturinn og skrifar á þeim hraða sem hann ræður við.
- Þeir sem ætla að hlusta á hljóðbók ættu að setjast á kyrrlátan stað, nota heyrnartól ef ástæða er til, finna staðinn þar þeir ætla að byrja að hlusta og hlusta e.t.v. oftar en einu sinni á sömu blaðsíðuna áður en þeir reyna að lesa sjálfir í bókinni

Leiðbeiningar frá Námsgagnastofnun um notkun hljóðbóka

Áður en nemandinn hlustar á lesturinn er mikilvægt að kennari og nemandi hafi lesið efnið saman til að tryggja að nemandinn skilji hvert orð í textanum og viti um hvað hann fjallar. Hljóðbókin er síðan notuð sem viðbótarþjálfun eða einn liður í endurtekningu þar sem nemandinn hefur möguleika á að æfa lesturinn sjálfstætt. Þetta má gera á eftirfarandi hátt:

frh.

- Nemandinn stöðvar hljóðbókina í lok hverrar línu með því að nota hlétakkann og les sömu línu aftur.
- Nemandinn notar hlétakkann eða þögnina en reynir að lesa næstu línu á eftir í textanum. Hann er þá á undan upplestrinum og getur fylgst með hvort hann hefur lesið rétt.
- Nemandinn les með hjálp hljóðbókarinnar, eina eða fleiri blaðsíður, eins oft og hann telur sig þurfa og endar á því að lesa sama textann án hennar. Nemandi ætti aldrei að lesa með hjálp hljóðbókar lengur en 10–12 mínútur í einu en gæta skal þess að ekki líði of langt á milli lestrarstundanna til að efnisþráðurinn tapist ekki

Önnur leið til að nota hljóðbók

Sestu á kyrrlátan stað, notaðu heyrnartól ef þér finnst það betra

- Opnaður bókin á þeirri síðu sem þú ætlar að hlusta á og settu afspilunina í gang.
- Meðan þú hlustar fylgstu þá með í bókinni, fylgdu textanum eftir.
- Merktu við erfið orð í textanum
- Farðu yfir erfiðu orðin og athugaðu merkingu þeirra sem þú þekkir ekki
- Hlustaðu nokkru sinnum á hljóðbókina ef þú þarft að læra innihald textans
- Gott er að fylgjast með í bókinni meðan hlustað er eins oft og maður telur þurfa

Hljóðbókasafn Íslands <https://hbs.is>

Menntamálastofnun <https://mms.is>

Dyslexíu letur

A B C D E F G H I J K L M N O P Q

A B C D E F G H I J K L M N O P

abcd
abcd

oa oa

Arial ReadWell

ecs

ebc

seas

bid un

ifmn

Letrið er með íslenska stafi

Aa Áá Bb Dd Ðð Ee Éé Ff
Gg Hh Ii Íí Jj Kk Ll Mm Nn
Oo Óó Pp Rr Ss Tt Uu Úú
Vv Xx Yy Ýý Þþ Ææ Öö

Dyslexía og spjaldtölvur


Hverjir eru kostir Ipad fyrir nemendur með dyslexíu?


- Stýra má letrinu
- Breikka má línubil
- Breyta má lit á bakgrunni
- Breyta má letrinu og setja á Open Dyslexia
- Stýra má fjölda lína sem er sýnilegur
- Nota má Voice over eða aðra lesvélar
- Nýta má nótabækur við glósugerð, vista og láta lesa aftur
- Appið Pages nýtist vel og þá er farið inn í skjalið, í merkið að flytja út og velja Voice dream reader.
- Skjalið opnast þar og hægt er að hlusta

Nota hljóðgervil í Ipad

- Keypti Appið Voice dream reader inn á Ipad
- Opnaði skjal í Pages og bað um að opna það í Voice dreamer
- Þegar það hafið hlaðist þar inn kom upp melding um að það væri ekki til skrá með þessu tungumáli
- Boðið var upp á að sækja tungumálið
- Í boði voru Dóra og Karl
- Hægt er að sækja pdf skjöl í Dropbox









Vodafone IS 3G 20:41 29%

Fagrad_laesi_skysla_23_ATHSFB

Hópurinn safnaði saman ýmsum skýrslum úr þróunarverkefnum, íslenskum og erlendum greinum um raunprófaðar aðferðir til að efla mál og læsi barna og ungmennta og kynnti sér efni þeirra. Ráðið kynnti sér læsisverkefni í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Árborg, en þessi sveitarfélög hafa öll endurskoðað verklag og vinnuaðferðir við að efla málþroska og læsi.

Ráðið kynnti sér einnig nokkur þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í leik- og grunnskólum borgarinnar s.s. Okkar mál og 1, 2 og Fellaskóli í Fellahverfi og aðferðir sem

4 2hafa skilað góðum árangri í lestrarkennslu. Jafnframt fékk ráðið kynningu á stuðningskerfinu

Leið til læsis og niðurstöðum greiningar Almars M. Halldórssonar á árangri reykvískra nemenda í PISA-könnunum. Fagráðið kallaði til sín fjölda leik- og grunnskólakennara til að afla upplýsinga um hvað þessir hópar telja helstu styrk- og veikleika í

5:05 59:25

3 of 28 8% ◀ 30 Seconds ▶

ÚT 27.10.2019.

Hópurinn safnaði saman ýmsum skýrslum úr þróunarverkefnum, íslenskum og erlendum greinum um raunprófaðar aðferðir til að efla mál og læsi barna og ungmenna og kynnti sér efni þeirra. Ráðið kynnti sér læsisverkefni í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Árborg, en þessi sveitarfélög hafa öll endurskoðað verklag og vinnuaðferðir við að efla málþroska og læsi.

Ráðið kynnti sér einnig nokkur **þróunarverkefni** sem unnið hefur verið

að í leik- og

grunnskólum borgarinnar s.s. Okkar mál og 1, 2 og Fellaskóli í Fellahverfi og aðferðir sem

4
▼ 2hafa skilað góðum árangri í lestrarkennslu. Jafnframt fékk ráðið kynningu á stuðningskerfinu

Leið til læsis og niðurstöðum greiningar Almars M. Halldórssonar á árangri reykvískra

nemenda í PISA-könnunum. Fagraðið kallaði til sín fjölda leik- og grunnskólakennara til að

afla upplýsinga um hvað þessir hópar telja helstu styrk- og veikleika í vinnu með mál og læsi í

Með þessu geta kennarar sent nemendum í pdf skjali:

- Verkefni
- Lesefni
- Próf eða annað námsmat
- Skilaboð
- Próftöflu, verkefnalista eða annað

Skjal er vistað úr pósti í Dropbox

Farið er inn á lesvélina þá poppar upp valgluggi

Velja icloud, næst Dropbox og að lokum skjal

Skjalið hleðst inn og þá er hægt að hlusta á það